

Spurningar til bæjarstjóra sem óskast svarað skriflega á fundi bæjarráðs 22.01.2018 enda um einfaldar spurningar að ræða:

1. Hver var rekstrarniðurstaða Byggðasafns Vestfjarða fyrir árið 2015
2. Hvenær var bæjarstjóra/stjórnarformanni kunnugt um þá niðurstöðu
3. Hvenær hélt stjórnarformaður stjórnarfund til að kynna umrædda niðurstöðu
4. Hver var rekstrarniðurstaða Byggðasafns Vestfjarða fyrir árið 2016
5. Hvenær var bæjarstjóra/stjórnarformanni kunnugt um þá niðurstöðu
6. Hvenær hélt stjórnarformaður stjórnarfund til að kynna umrædda niðurstöðu

Virðingarfyllst, Jónas Þór Birgisson

-----

Tap ársins 2015 hjá Byggðasafni Vestfjarða var kr. 7.328.504.

Ársreikningur 2015 var sendur bæjarstjóra í tölvupósti 16. desember 2016.

Þann 29. mars 2017 var haldinn stjórnarfundur þar sem á dagskrá var ákvörðun um að halda ársfund fyrir árin 2015 og 2016. Var ákveðið að stefna að því að halda ársfund fyrir sumarbyrjun en af því varð þó ekki. Ekkert var bókað um ársreikningana og því ekki ljóst hvort formaður eða forstöðumaður sögðu frá niðurstöðu ársins 2015. Undir dagskrárliðnum fjármál safnsins 2017, þar sem umræðuefnið var viðbrögð við því að upphafleg áætlun 2017 var meingölluð, var þetta bókað: „*Framkvæmdastjóri lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2017, þar sem fram kemur, að safnið hefur dregið töluvert úr kostnaði með sparnaðaraðgerðum á þessu ári. Áfram verður leitað leiða til hagræðingar og tekjuöflunar.*“

Forstöðumaður minnti svo stjórnarmenn á það í tölvupósti 17. júlí 2017 að halda þyrfti ársfund fyrir árin 2015 og 2016. Það tafðist hinsvegar fram eftir hausti vegna sumarleyfa og annarra verkefna.

Þann 18. september 2017, að loknu sumarleyfi forstöðumanns, óskaði bæjarstjóri eftir því við forstöðumann að síðasti ársreikningur yrði tekinn á dagskrá á stjórnarfundum og einnig fjárhagsáætlun 2018. Fundurinn var svo haldinn þann 18. október en þá hafði láðst að setja ársreikninginn á dagskrá og leggja hann fram, bæjarstjóri kynnti því ársreikninga 2015 og 2016 munnlega utan dagskrár og sendi stjórnarmönnum ársreikningana í tölvupósti í framhaldi af því. Stjórnarfundur var svo haldinn að nýju 2. nóvember 2017 og ársreikningarnir þá teknir fyrir með formlegum hætti.

Tap ársins 2016 hjá Byggðasafni Vestfjarða var kr. 16.829.123.

Ársreikningur 2016 var sendur bæjarstjóra í tölvupósti 2. júní 2017.

Sama svar er við spurningu 6 og spurningu 3.